



18. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands
haldinn 16. ágúst 2019 í Þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík.

Mætt eru: Haukur Valtýsson (HV), Örn Guðnason (ÖG), Hrönn Jónsdóttir (Hr.J), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Gunnar Gunnarsson (GG) Lárus B. Lárusson (LBL), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), og Auður Inga Þorsteinsdóttir (AlÞ) framkvæmdastjóri UMFÍ.

Forföll boðuðu: Helga Jóhannesdóttir (HeJ) og Gunnar Þór Gestsson (GÞG).

1. Fundur settur kl.16:09.
2. Upplýsingagjöf framkvæmdastjóra. Farið yfir helstu verkefni frá síðasta stjórnarfundum.
4. Mót á vegum UMFÍ; Landsmót UMFÍ 50+ í Neskaupstað og Unglingalandsmót UMFÍ á Höfn í Hornafirði. Bæði mótin gengu mjög vel, þátttaka samkvæmt áætlun og framkvæmd til fyrirmyndar.
Stjórn þakkar UÍA, Fjarðabyggð, USÚ og Sveitarfélaginu Hornafirði fyrir samstarfið.
5. Landsmót UMFÍ 2020, samningur UMFÍ, UMSK og Kópavogsbæjar.
Staða mála; unnið er að undirbúningi mótsins.
6. Umsóknir um Landsmót UMFÍ 50+ kynntar. Þrjár umsóknir bárust um mótið.
Ákveðið að Ómar Bragi Stefánsson ásamt fulltrúa stjórnar fari á staðina, skoði aðstæður og skili stuttri greinargerð til stjórnar.
7. Flutningur Ungmenna- og tólmstundabúða til Laugarvatns. AlÞ gerir grein fyrir stöðu mála.
8. Málefni Þrastalundar / Þrastaskógar. Framkvæmdastjóra falið að láta yfirfara alla samninga er lúta að Þrastalundi og Þrastaskógi og leggja fram greinargerð á næsta stjórnarfundum sem haldinn verður 13. september.
9. 51. sambandsþing, undirbúningur. Laganefnd leggur fram fyrstu drög að lagabreytingum.
10. Önnur mál.
 1. Ráðstefna í Danmörku, ÖG benti á ráðstefnu sem haldin verður í Álaborg um næstu mánaðamót. Framkvæmdastjóra falið að athuga með mögulega þátttöku.
 2. Ársfundur Íslenskra getrauna 6. september. – Ákveðið að tilnefna AlÞ sem aðalmann í stjórn og GG til vara.
 3. Undirskrift samninga við HSK vegna Unglingalandsmóts UMFÍ 2020 og við UMSB vegna Landsmóts UMFÍ 50+ 2020. Stefnt að undirritunum við fyrsta tækifæri.
 4. Fyrirspurn frá HSV varðandi val á landsmótsstað – Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu.

5. Samþykkt að skipa þriggja manna nefnd sem starfi sem yfirnefnd yfir Landsmótum UMFÍ. RH, GS og HV skipuð í nefnina og beðin um að gera drög að erindisbréfi sem kynnt verði á næsta stjórnarfundum. ÖG og Ómari Braga Stefánssyni falið að yfirfara og sameina reglugerð um unglingslandsmót og vinnureglur um val á mótsstað.

LBL vék af fundi kl. 19:00.

HrJ vék af fundi kl. 19:45, SÓJ tók við ritun fundargerðar.

**HrJ og SÓJ rituðu fundargerð.
Fundu slitið kl. 20:19.**